



Bandalag íslenskra listamanna
Federation of Icelandic artists

Reykjavík 28. nóvember 2018

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun lýðháskóla
Ungmennafélags Íslands á Laugarvatni, 30. mál.**

Bandalag íslenskra listamanna telur þróun og uppbyggingu lýðháskóla mjög jákvæða. Í dag er einn lýðháskóli starfandi sem helgaður er list, það er Lýðháskólinn á Seyðisfirði og nýstofnaður lýðháskóli á Flateyri býður upp á braut sem byggir á skapandi lausnum með aðferðum listarinnar. Þessir skólar hafa verið stofnaðir að frumkvæði eldhuga þrátt fyrir veikan grundvöll í stjórnslu og fjármögnun.

Meira er betra! Fleiri úrræði og fjölbreyttari leiðir fjölga verkfærunum í kistunni og möguleikum ungs fólks á að finna sér farveg. Í umhverfi lýðháskóla getur ungt fólk sótt reynslu, menntun og þjálfun sem ekki býðst í hefðbundnu skóla umhverfi, fengið aðgang að þekkingu leiðbeinanda sem hafa margir mikla reynslu á sínum sviðum í oft sérhæfðum störfum.

Varðandi þá stefnu sem virðist vera að þróast að uppbyggingin sé fyrst og fremst á landsbyggðinni, þá hljómar það eins og tónlist í okkar eyrum. Víða eru byggðir viðkvæmar og atvinnulíf einhæft, að planta fræum menntunar og skapandi hugmynda teljum við einhverja bestu leið til atvinnu- og samfélagsuppbyggingar.

BÍL styður því þessa þingsályktun sem er sniðin að hugmyndum um stofnun lýðháskóla UMFÍ og með tilliti til reynslunnar af þessum tveim skólum sem þegar eru í rekstri, hlýtur það að vera sjálfgefið að klára undirbúning að lagalegu umhverfi og fjármögnun þessa valkosta í menntakerfinu.

Fyrir hönd Bandalags ísl. listamanna


Erling Jóhannesson

7. desember

Góðan dag

Eftirfarandi er bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar, dags. 6. desember vegna 30. máls:

Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 9. nóvember 2018, um þingsályktun um stofnun lýðháskóla Ungmennafélags Íslands á Laugarvatni. Umsagnarbeiðni Allsherjar- og menntamálanefndar var lögð fram. Sveitarstjórn fagnar framkominni þingsályktunartillögu um stofnun lýðháskóla UMFÍ á Laugarvatni. Húsakostur í eigu sveitarfélagsins getur hentað vel fyrir starfsemina og sú ríka hefð sem er fyrir margskonar menntastarfsemi á öllum skólastigum á Laugarvatni er góður grunnur fyrir starfsemi lýðháskóla.

Kveðja,

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri

LungA School
November 26th, Seyðisfjörður

**Efni: um stofnun lýðháskóla Ungmennafélags Íslands á Laugarvatni.
149. löggjafarþing 2018–2019.
Þingskjal 30 — 30. mál.**

A letter to support the establishment of a folk high school by UMFI in Laugarvatn.

On behalf of both the board and the administration of the LungA School, I would hereby like to declare our full support for the establishment of a folk high school in Laugarvatn, facilitated and managed by UMFI.

As many of you know, for the past five years we have been advocating the establishment of a legislative framework for folk high schools in Iceland.

Our motivation for this comes from the belief in the great cultural and educational impact that folk high schools can have on multiple levels: for the students, for the local communities and on a regional and national scale.

It is also clear that many of the long-term cultural and social effects from establishing folk high schools in Iceland will only manifest if a critical amount of schools are established, making this kind of educational program and institution recognised in all parts of the country and within all fields of practice, everything from sports to arts to vocational training to academic ventures to farming and fishing etc.

In short: The more folk high schools that exist the better. Especially if these folk high schools decide to focus on a wide range of practices. Already now the LungA School and Lýðháskólinn á Flateyri are two very different schools and the proposed school in Laugarvatn will, with an emphasis on sports, be yet another alternative within the landscape of folk high schools in Iceland.

It is our clear wish that this school will be able to begin as well as many more schools in the coming years.

We believe that the integration of folk high schools into the educational system will have several positive effects as studies have shown in other countries. Not only for the students who attend the school, but also for the local communities where the schools are located and for society as a whole.

We believe that this type of education could become a strong and important tradition on Iceland over the years. A tradition that promotes creative education and lifelong learning while creating institutions that will play important roles in their local communities.

And I believe that if the Icelandic parliament decides that a state-run institution like UMFI should start a folk high school it will be the best possible validation and acknowledgement, and thereby the best beginning for this new chapter in Icelandic educational history.

In the bigger picture, we see one of the roles for folk high schools as described in the report we handed in to the ministry this summer:

“In any society founded on democratic ideals the educational system is not just places for acquiring specific skills and competencies related to one’s professional life or interest, but are also a place to practice the foundation for such a society to exist, meaning practice what it means to organise socially, to create trusting communities and to foster environments for collaboration and conversation.”

November 26th, Seyðisfjörður

These important qualities of schools are not some that can be formalised in a curriculum, but are instead part of the culture in the specific institutions as well as existing in the non- formal and informal spaces and situations in and around the schools.

We believe that a part of an answer can be the establishment of a new type of education in Iceland. An educational format that has existed in Scandinavia, especially in Denmark, for more than 170 years and that has proven to be of great value both financially, socially and culturally. The Folk High Schools have always existed as non-formal learning environments with an emphasis on the whole human and on preparing their students for further work, studies and life in general..


Furthermore the folk high schools are institutions that are highly valued nationally for their contribution to the local societies and culture and for providing such special experiences for the participants. In annual surveys the folk high schools consequently rank amongst the most trusted institutions in Denmark and 92 % of the population supports the continued financial contribution by the government to the folk high schools. What is behind those numbers is a sense that part of the importance of the folk high schools is also that they cultivate, both in the students and in the communities they are based in, a general sense of trust, solidarity, openness and responsibility.

We believe that we, in Iceland, can benefit greatly from establishing folk high schools in our educational system. We believe that Folk high schools in Iceland can become both a sound answer to some of the challenges that the system is currently facing, while also becoming important cultural and social institutions in both their local context and nationally”

We will happily elaborate on the arguments above if needed.

Best regards

Jonatan Spejlborg
Director and Founder - LungA School



www.lungaschool.is

The LungA School is an independent art school, founded in 2013. It is organised as a self-governing institution with the Icelandic registration nr. 6602131200.



Reykjavík 5. desember 2018

Efni: Umsögn frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands vegna stofnunar lýðháskóla á Laugarvatni. Þingskjal 30 – 30. mál á 149. löggjafarþingi 2018-2019

Menntavísindasvið fagnar þeirri fyrirætlun Alþingis að fela mennta- og menningarráðherra að skipa starfshóp til að skipuleggja stofnun lýðháskóla á Laugarvatni.

Lýðháskólar

Ekki er mikil hefð fyrir rekstri lýðháskóla á Íslandi og engin löggjöf til um þá þrátt fyrir að lýðháskólar séu starfræktir á Seyðisfirði og Flateyri. Úr þeim löggjafarskorti þarf að bæta því lýðháskólar eru góð viðbót í þá skólaflóru sem fyrir er á Íslandi fyrir ungt fólk á aldrinum 18-25 ára. Í lýðháskólum er unnið út frá öðrum áherslum og markmiðum en viðgengst í hefðbundnum bók- og verknámsskólum. Lýðháskóli er spennandi vettvangur fyrir ungt fólk sem vill taka þátt í reynslumiðuðu óhefðbundnu námi og fyrir ungt fólk sem flosnað hefur upp úr námi og eykur líkur á frekara námi að lýðháskólanámi loknu.

Ljóst er að lýðháskólar verða ekki reknir án fjárframlags frá stjórnvöldum og tryggja þarf að ungt fólk hafi jöfn tækifæri til að sækja slíkt nám. Eðlilegt er að líta til reynslu Dana varðandi framlag frá ríkinu til reksturs lýðháskóla og hafa svipaðan hátt á hér á Íslandi. Einnig er mikilvægt að ef skólagjöld eru til staðar, séu þau námslánahæf hjá LÍN eins og háskólanám og verknám á framhaldsskólastigi er í dag.

Ungmennabúðir

Ungmennabúðir UMFÍ að Laugum í Sælingsdal hafa verið ómissandi viðbót við menntastarf í landinu. Þær hafa boðið þúsundum nemenda úr 9. bekk upp á þá lífsreynslu að dvelja við leiki og störf úti á landi án síma, sjónvarps og raftækja. Áherslan hefur verið á að skapa óformlega námsreynslu með virkni og þátttöku í fjölbreyttum samvinnuverkefnum, bæði innan dyra og í náttúrunni. Mikilvægt er að finna starfsemi ungmennabúða varanlegan og nýjan stað.

Staðsetning við Laugarvatn

Staðurinn Laugarvatn er einstaklega vel til þess fallinn að reka lýðháskóla og ungmennabúðir. Þar eru skólahús, íþróttahús, heimavist, mötuneyti, skrifstofuhúsnæði og íþróttavellir auk mikillar nálægðar við náttúru sem gefur mikla útivistarmöguleika s.s. til fjallgöngu, tjaldferðalaga, vatnamennsku og jöklaferða. Veðursæld er mikil á Laugarvatni og sumrin hlý. Samstarf við Ungmennafélag Íslands um rekstur lýðháskóla og ungmennabúðir yrði einnig af hinu góða. Þar á bæ hefur fólk kynnt sér rekstur lýðháskóla vel og er í samstarfsteymi við lýðháskóla í Danmörku. Ungmennafélag Íslands hefur auk þess áratuga reynslu af því að reka skólabúðir fyrir börn á unglingsstigi í grunnskóla.

Námskrá lýðháskóla tæki alltaf mið af möguleikum þess staðar sem hann væri. Á Laugarvatni er kjörin aðstaða til þess að leggja áherslu á íþrótt- og útivistarlýðheilsunám þar sem íþrótt-, útivistar- og heilsuræktaraðstaðan yrði nýtt. Einnig væri mjög auðvelt tengja

námið við ferðamálafræði/ferðamennsku þar sem Laugarvatn er staðsett í miðjum gullna hringnum. Lýðheilsutengd ferðamennska væri nám sem myndi tengja þessa tvo þætti sem sérstaða staðsins Laugarvatns skapar.

Að lokum, Menntavísindasvið fagnar mögulegri stofnun lýðháskóla og starfsemi ungmennabúða á Laugarvatni. Að sama skapi teljum við brýnt að hugað sé að löggjöf um lýðháskóla til að styðja við starfsemi þeirra á Íslandi og festa þá betur í sessi.

Virðingarfyllst,

Kolbrún Þ. Pálsdóttir
Forseti / Dean

Háskóli Íslands / University of Iceland
Stakkahlíð 105, Reykjavík
Beinn sími / Direct tel. +354 525 5965
www.mennta.hi.is

Reykjavík, 29. nóvember 2018

Allsherjar- og menntamálanefnd
Skrifstofa Alþingis
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu, 482. mál á 148. þingi (stofnun lýðháskóla UMFÍ á Laugarvatni)

Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) fagnar þeim skrefum sem framundan eru og geta leitt til þess að senn muni mennta- og menningarmálaráðherra skipa starfshóp um stofnun lýðháskóla UMFÍ. Stjórn UMFÍ hefur lengi haft áætlanir uppi um stofnun lýðháskóla en ekki viljað fara áfram með málið á meðan lög eru ekki til á Íslandi um þetta skólaform.

UMFÍ leggur áherslu á að hlutirnir gerist í réttri röð og að lagaumgjörðin um lýðháskóla á Íslandi verði komin áður en slíkur skóli er settur á laggirnar. Mikil þekking er innan UMFÍ um rekstur og starfsemi lýðháskóla, sem mögulegt er að verði starfræktur á Laugarvatni.

Góð reynsla af erlendum lýðháskólum

Íslendingar þekkja lýðháskóla ytra afar vel enda hefur ungt fólk á Íslandi farið utan í meira en hundrað ár til að uppfylla þörf sína fyrir óformlegt nám og aðra þekkingu en fengist hefur á Íslandi. Þetta unga fólk snýr alltaf aftur með meiri þekkingu í farteskinu sem það býr að til æviloka. Oftar en ekki sá þeir fræjum víðsýnnar til barna sinna og bæta með því heiminn.

Guðmundur Hjaltason fór sem dæmi til náms við lýðháskóla í Vonheim í Noregi árið 1875 og var þar í tvo vetur. Eftir það fór hann til Danmerkur og bæði lærði og kenndi við lýðháskóla á Jótlandi. Hann sneri aftur heim eftir sex ára fjarveru, var kennari og stofnaði vísi að lýðháskóla í Eyjafirði og á Þórshöfn. Guðmundur hafði jafnframt afskipti af ýmsum umbótum, svo sem bættum kjörum kvenna, styttingu vinnuvikunnar og fleiri málum sem hann taldi bæta lífsgæði fólks. Ungmennafélögin réðu síðar Guðmund til starfa og ruddi hann brautina fyrir héraðsskóla á Íslandi sem reistir voru víða um land á þriðja og fjórða áratug 20. aldarinnar. Enn er Guðmundar Hjaltasonar minnst sem forvígismanni í menntamálum þjóðarinnar. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands hefur haldið nafni hans mjög á lofti síðustu ár sem og störfum hans fyrir ungmennafélagshreyfinguna. Í því samhengi er vert að geta þess að Guðmundur var langafi Guðna. Af þessu er hins vegar ljóst að áhrifa af upplifun og áhrifum lýðháskóla Guðmundar Hjaltasonar í Noregi og Danmörku fyrir 130 árum lifir enn í hjörtum fólks.

UMFÍ eða framámenn í ungmennafélagshreyfingunni hafa starfrækt lýðháskóla á Íslandi í ýmsum myndum frá því Guðmundur stofnaði sinn skóla. Sá síðasti tengdur hreyfingunni var Íþróttaskóli Sigurðar Greipssonar í Haukadal sem starfræktur var frá árinu 1927 til til ársins 1970. Fleiri tilraunir hafa verið gerðar en þær hafa ætíð glímt við rekstrarvanda þar sem rekstraraðilar hafa ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að standa í slíkum rekstri.

Lýðháskóli er góður valkostur

UMFÍ hefur lengi bundið vonir við að setja á laggirnar lýðháskóla hér á landi á nýjan leik til að fjölga möguleikum til náms. Á ráðstefnum sem ungmennaráð UMFÍ hefur staðið fyrir síðan árið 2012 hefur komið fram að lýðháskóli þurfi að vera í boði fyrir ungt fólk sem hefur hætt formlegu námi. Slíkur valkostur getur bæði hugnast þeim sem

hafa fallið úr formlegu námi eða fólki sem vill eða þarf að finna sér nýjan farveg. Þá eru margir sem velja að fara í lýðháskóla þar sem dvölin í lýðháskóla er upplifun ein og sér.

UMFÍ hefur um árabíl unnið með Højskolernes Hus, samtökum lýðháskóla í Danmörku, um námsdvöl íslenskra nemenda í dönskum lýðháskólum. Tugir íslenskra ungmenna fara ár hvert í lýðháskóla í Danmörku. UMFÍ veitir ungmennum styrki til námsins. UMFÍ fær umsagnir og skýrslur frá þátttakendum sem bera vott um jákvæða upplifun, aukna víðsýni og margir tala um líf sitt fyrir og eftir lýðháskóladvölinum.

Stjórn UMFÍ og félagsmenn innan ungmennafélagsshreyfingarinnar hefur haft áhuga á að endurvekja lýðháskóla hér á landi í eigin nafni. Í dag eru starfandi tveir skólar, skóli LungA á Seyðisfirði sem starfræktur er hluta úr ári og lýðháskólinn á Flateyri. Báðir skólarnir eru sérhæfðir og er hugmyndin að lýðháskóli UMFÍ verði það líka.

Húsnæði og sköpun starfa

Árið 2016 ákvað háskólaráð Háskóla Íslands að flytja nám í íþróttfræðum og íþróttakennslu frá Laugarvatni til Reykjavíkur. Við það losnaði ákjósanlegt húsnæði fyrir mögulega starfsemi UMFÍ. Á sama tíma olli brottvarf námsins fækkun opinberra starfa á svæðinu. Með stofnun lýðháskóla UMFÍ á Laugarvatni er horft til þess að bæta nýtingu á húsnæði sem hentar lýðháskólanámi afar vel. Á sama tíma er mjög líklegt að lýðháskóli á Laugarvatni verði til þess að búa til ný störf í kringum skólann. Vinnuhópur á vegum stjórnar UMFÍ hefur átt í viðræðum við sveitarstjórn Bláskógabyggðar um leigu á húsnæðinu m.a. vegna mögulegs lýðháskóla ásamt rekstri ungmennabúða og annarra námskeiða.

Lýðháskóli hefur áhrif

UMFÍ og ungmennaráð UMFÍ standa árlega fyrir ungmennaráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði. Á ráðstefnunum hefur komið fram að ungt fólk vill fjölbreyttari námsleiðir en nú eru í boði á Íslandi. Sú krafa hefur sérstaklega aukist eftir að nám í framhaldsskólum var stytta haustið 2015 úr fjórum árum í þrjú en það er m.a. talið hafa aukið hættuna á brottfalli úr námi í framhaldsskólum.

Brottfall úr námi í framhaldsskólum á Íslandi hefur í gegnum tíðina verið með því hæsta sem þekktist innan þeirra landa sem aðild eiga að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD). Að því er fram kemur í skýrslu OECD árið 2012 um tölur brottfalls úr framhaldsskólum árið 2009 höfðu 20% Íslendingar á aldrinum 25-34 ára ekki lokið framhaldsskólaprófi. Í nágrannalöndunum er hlutfallið undir 10%. Þá segir í skýrslunni að 28% þeirra sem hófu nám árið 2004 hafi annað hvort hætt eða tekið sér hlé frá námi.

Í langtímarannsókn þeirra Jóns Torfa Jónssonar og Kristjönu Stellu Blöndal um námsferil og brottfall frá árinu 2002 kemur fram að námsleiði er ein þeirra ástæðna sem bæði stúlkur og drengir nefna fyrir því að þau hætta í skóla.¹ Það hefur lítið breyst. Eftir að nám í framhaldsskólum var stytta hafa komið fram vísbendingar um að aukin hættu sé á að nemendur í framhaldsskólum hætti námi eða að það komi í veg fyrir að þeir njóti námsins og fari sökum námsleiða ekki í frekara nám.

Niðurstöður rannsóknar sem unnin var fyrir Højskolernes Hus árið 2013 benda til að marktæk áhrif eru af dvöl í lýðháskóla og brottfalli úr námi. Þar var sýnt fram á að auknar líkur eru á því að ungt fólk sem hættir námi en fer í lýðháskóla snýr aftur í framhaldsnám að dvöl sinni lokinni í lýðháskólanum.²

¹ Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónsson (des. 2002). *Námsferill og brottfall*. [Skýrsla unnin fyrir menntamálaráðuneytið, einkum um brottfallshópinn]. Reykjavík: Félagsvísindastofnun. [30 bls.].

² Lange Analyser (okt. 2013). *Analyse af højskolernes effekt på uddannelse*. [Skýrsla unnin fyrir Foreningen af folkehøjskolerne i Danmark.] Danmörk: Lange Analyser. [34 bls]. Sjá: https://ffd.dk/media/7033/effektanaluse_fuld.pdf

Brottfall úr námi hefur áhrif á atvinnutækifæri ungs fólks. Hætt er við að ungt fólk með litla menntun fari í lágláunastörf og verði lífsgæði þeirra verri en annarra. Lýðháskólar draga því úr líkunum á að svo fari fyrir ungu fólki og að lífsgæði þeirra verði betri en ef þau hefðu ekki farið í meira nám.

Lýðháskóli UMFÍ

Þeir nemendur sem UMFÍ hefur styrkt til náms í lýðháskólum í Danmörku eiga það sammerkt að njóta þess að vera í náminu. Ætla má að eftirspurn verði eftir námi í lýðháskóla UMFÍ á Laugarvatni ef af verður. UMFÍ mun leggja áherslu á nám tengt útivist, hreyfingu og lýðheilsu.

UMFÍ vill ekki fara í uppbyggingu skólans á Laugarvatni í trássi við stjórnvöld, án fjármögnunar eða í andstöðu við stefnu stjórnvalda. Þvert á móti telur stjórn UMFÍ samstarf og samvinnu hagfelldustu leiðina til að fjölga úrræðum og valkostum í námi fyrir ungt fólk sem vill bæta við þekkingu sína án þess að fara þá hefðbundnu leið sem áður hefur verið í boði á Íslandi. Þar leikur lýðháskólahugmyndin stórt hlutverk.

UMFÍ er þegar í samstarfi við lýðháskóla í Danmörku og eru aðilar þar tilbúnir að leggja sitt af mörkum í undirbúningi og framkvæmd lýðháskóla hér á landi. Auk þess er samvinna UMFÍ með forsvarsfólki lýðháskólans á Flateyri og LungA um mótun lýðháskóla UMFÍ á Laugarvatni.


Samfélaginu til góða

UMFÍ hefur um 20 ára skeið starfrækt Ungmennabúðir UMFÍ að Laugum í Sælingsdal. Þar koma skólahópar í 9. bekk í tæplega vikuvöl með kennurum sínum. Eftirsóknarvert hefur verið að koma í búðirnar en þar er lögð áhersla á félagsfærni, útivist og upplifun. Þetta eru svipaðir flokkar og nemendur við lýðháskóla myndu læra á Laugarvatni. UMFÍ hefur unnið að flutningi Ungmennabúðanna að Laugarvatni og verður lýðháskóli góð viðbót við þá starfsemi.

Með aðkomu UMFÍ á Laugarvatni myndast tækifæri til þess að koma að stofnun lýðháskóla, rekstri ungmennabúða og um leið er hægt að tryggja að ýmis verkefni geti haldið áfram í óbreyttri mynd. Þar má helst nefna sumarbúðir Íþróttasambands fatlaðra (ÍF) en í samskiptum við forráðamenn ÍF hefur komið fram sterkur vilji til þess að halda búðunum áfram en óvissa hefur ríkt um hvort af því getur orðið við núverandi aðstæður. Þá geta íþrótt- og ungmennafélög komið saman til funda, stuttra ferða og námskeiða.

Stjórn UMFÍ telur af ofantöldu mjög jákvætt að fjölga námsmöguleikum með stofnun lýðháskóla UMFÍ. Með lýðháskóla UMFÍ fjölga valkostum nemenda í menntakerfinu og gæti dregið úr brottfalli nemenda úr framhaldsskólum eða fengið nemendur til að snúa aftur á skólabekk. Það hefur jákvæð áhrif á menntunarstig og þroska landsmanna og getur forðað fólk frá því að lifa við skert lífsgæði. Á sama tíma hefur lýðháskólinn mikil áhrif á nærsamfélagið á Laugarvatni og fara saman með markmiðum UMFÍ um ræktun lýðs og lands.

Virðingarfyllt,
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,
Frankvæmdastjóri UMFÍ